



Áfanganúmer: ENSK2OM06

Þrep: 2

Einingar: 6

Forkröfur: Sjá lokamarkmið enskunáms í grunnskóla

Lýsandi heiti: Enska í 4. bekk náttúrufræðibrautar

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er lögð áhersla að nemendur verði læsir á flóknari texta en áður, auki orðaforða sinn, nái betri tökum á enskri málfræði, lesi fjölbreyttar bókmenntir og þjálfist í ritun.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- þverfaglegum orðaforða til markvissrar notkunar í námi með sérstakri áherslu á raunvísindi
- rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfirlingum, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
- mismunandi afstöðu og túlkun bókmennta og dýpri merkingu texta

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa fjölbreyttar gerðir texta, bæði fræðilega og bókmenntalega
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- tjá sig munnlega skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér
- tjá sig skriflega bæði á formlegan og óformlegan hátt
- lesa sér til fræðslu og/eða ánægju texta sem gera kröfur til lesandans, bæði hvað varðar orðaforða og uppbyggingu
- greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í texta
- skilja sér til gagns þegar fjallað er um flókið efni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt
- skrifa formlegan og óformlegan texta og beita rithefðum sem við eiga í textasmíð
- nýta nýjan orðaforða í ræðu og riti
- beita málinu af lipurð og kunnáttu til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmenningarleg efni
- túlka og greina bókmenntaverk
- skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau eru

vegin og metin

Mat á hæfniviðmiðum

- | |
|---|
| <ul style="list-style-type: none">• nemendur skrifa reglulegar ritunaræfingar• nemendur sýna fram á aukinn orðaforða í glósuprófum og ritunaræfingum• nemendur taka skriflegt og munnlegt próf úr bókmenntum• nemendur svara efnislegum spurningum úr ólesnum textum• nemendur halda fyrirlestur um sérvalið efni• áfanginn er símatsáfangi með prófum og verkefnum úr hverjum námsþætti |
|---|